

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um dælingu sands úr Landeyjahöfn.

1. *Hversu margar klukkustundir á mánuði hefur sanddæluskipið Skandia verið við dælingar í Landeyjahöfn það sem af er árinu?*

Unnið hefur verið við sanddælingar eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Þar kemur fram að í heild hefur verið dýpkað í 1.192 stundir. Þar er talinn saman sá tími sem unnið var á sanddæluskipinu Skandia og sanddæluskipinu Perlunni. Unnið var við dælingar með Perlunni í janúar og í maí en þann mánuð var unnið á báðum skipunum. Tímafjöldinn hefur verið á bilinu 27–340 klst. í mánuði. Unnið var eins og kostur var frá janúar til maíloka en yfir sumarmánuðina var dýpkað eins lítið og hægt var. Í ágúst var unnið með hálfum afköstum.

2. *Hversu miklum sandi hefur skipið dælt úr höfninni í hverjum mánuði ársins?*

Til ágústloka hefur verið dælt 176.336 rúmmetrum. Magnið í hverjum mánuði hefur verið á bilinu 2–51 þúsund rúmmetrar. Í næstaftasta dálki eftirfarandi töflu kemur fram það magn sem dælt hefur verið í hverjum mánuði. Skandia dældi 155.084 rúmmetrum.

3. *Er ætlunin að halda höfninni opinni í vetur, þ.m.t. að tryggja sanddælingu í samræmi við þörf og veðurfar?*

Ætlunin er að reyna að hafa nægjanlegt dýpi í höfninni fyrir Herjólf. Það mun verða erfitt þar sem Herjólfur er mun stærra og djúpristara skip en höfnin er hönnuð fyrir. Mun auðveldara yrði að halda höfninni opinni fyrir grunnristari ferju en þá yrði dýpkunarþörfin ekki nema brot af því sem þarf fyrir Herjólf. Tekið skal fram að nær útilokað er að dýpka í Landeyjahöfn þegar ölduhæð er yfir 2 metrum eða vindhraði yfir 12 metrum á sekúndu.

Tafla. Dýpkun í Landeyjahöfn 2011.

Mánuður	Raundýpkun Skandia m ³	Raundýpkun Perlun m ³	Alls dýpkun m ³	Fjöldi vinnustunda klst
Janúar		14.076	14.076	62
Febrúar	1.980		1.980	27
Mars	24.630		24.630	204
Apríl	26.910		26.910	208
Maí	42.990	7.176	50.166	340
Júní	6.140		6.140	38
Júlí	9.895		9.895	44
Ágúst	42.539		42.539	269
September			0	
Október			0	
Nóvember			0	
Desember			0	
Samtals	155.084	21.252	176.336	1.192